

Ed.

363. Nefndarátt

um frv. til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað nokkuð frv. þetta, og vill meiri hlutinn mæla með því, að frv. verði samþykkt, og getur vísað i greinargerð frv. Úr fyrirsögn frv. vill nefndin, eða meiri hluti hennar, fella burt orðið: landbúnaðarins. Minni hlutinn getur ekki fallist á, að frv. verði samþykkt, þar sem hann sjer-staklega álitur, að það komi ekki að tilætludum notum.

BREYTINGARTILLAGA.

Við fyrirsögn frumvarpsins.

Orðið »landbúnaðarins« falli burt.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Sigurður Jónsson.

Guðm. Ólafsson,
form.

Karl Einarsson,
fundaskrif. og frsm.